

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík.

Fossatúni í Borgarbyggð, 2. nóvember 2016

Meðfylgjandi eru:

Afrit af bréfi Ögumundar Jónassonar, formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, til undirritaðs dags. 18. október s.l.

Afrit af erindi og athugasemdum undirritaðs til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 18. apríl 2016.

Í bréfi Ögumundar kemur fram að athugasemdirnar hafi verið sendar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til upplýsingar. Ég vil með þessu bréfi fylgja málinu frekar eftir og fer fram á að ráðuneytið svari sem skjótast þeim efnisatriðum og spurningum sem eru fram settar í bréfi þessu og bréfinu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, vegna undirbúnings á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, með síðari breytingum (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga). Þingskjal 891, 514. mál, lagt fyrir 144. löggjafarþing 2014-2015.

Undirritaður er ásamt eiginkonu sinni Ingibjörgu Pálsdóttur, ábúandi að Fossatúni í Borgarfirði, en Ingibjörg var stefnandi í máli gegn Veiðifélagi Grímsár og Tunguár. Dómur Hæstarétta Íslands, dags. 13. mars 2014 nr. 676/2013, í þeim málaferlum var tilefni frumvarpsins. Eins og kemur fram í bréfi í athugasemdum sendum til stjórnлага- eftirlitsnefndar teljum við að málið hafi verið samþykkt á Alþingi án þess að þingmenn hafi í raun kynnt sér það efnislega heldur treyst á þá þverpólítísku samstöðu sem var um málið í atvinnuveganefnd, sem aftur hafi lotið undirbúningi ráðuneytisins undir leiðsögn forsvarsmanns Landssambands veiðifélaga. Frumvarpið var klætt í búning minniháttar tímabærra breytinga af hendi ráðuneytisins. Því erum við ósammála eins og fram kemur í þessu bréfi og óskum þess vegna svara varðandi þá þætti sem snúa að undirbúningi frumvarpsins í ráðuneytinu.

1.kafli

Í inngangi athugasemda við frumvarpið segir að það hafi verið samið í samvinnu við Landsamband veiðifélaga, sem og hafði beina og óbeina aðkomu að ágreinigi ábúenda Fossatúns og Veiðifélags Grímsár og Tunguá, sem ráðgjafi veiðfélagsins og með því að láta vinna álitserð sem laut að ágreiningnum, sem síðar varð að dómsmáli

Spurning 1.

Kom frumkvæði að lagabreytingunni frá Landssambandi veiðifélaga, frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu eða annarsstaðar frá og þá frá hverjum?

Spurning 2

Hvaða rök eru fyrir því að fulltrúi Veiðifélags Grímsár og Tunguár hins stefnda í málinu, sé eini samvinnuaðili ráðuneytisins við vinnslu frumvarpsins?

2. kafli.

Í öðrum kafla athugasemda frumvarpsins kemur fram að álitserð hafi verið unnin fyrir Landssamband veiðifélaga og ekki annað að skilja en hún hafi verið unnin í tengsum við þær breytinga sem frumvarpið tekur til og sé mikilvæg forsenda lagagerðarinnar. Hvergi kemur fram að álitserð, Stefáns Mús Stefánssonar og Eyvindar G. Gunnarssonar, var unnin nokkrum árum áður eftir að upp var kominn ágreiningur milli okkar ábúenda í Fossatúni við Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Ágreiningurinn kom upp eftir að við ábúendur í Fossatúni fengum staðfestingu þess að við vorum í samkeppni við svarta atvinnustarfssemi sem stunduð var í húsi veiðifélags okkar. Í framhaldinu las undirritaður löggin um lax- og silungsveiði og komst að þeirri niðurstöðu að veitinga- og gistirekstur í veiðihúsinu samræmdist ekki lögnum.

Í bréfinu til stjórnskipunar- eftirlitsnefndar er bent á þetta og jafnframt að skýrslan sé mótsagnarkennd og tilvitnanir því til stuðnings. Þessi álitserð var aðalgagn Veiðifélags Grímsár og Tunguár í nefndu dómsmáli en dómur Hæstaréttar í málinu er ekki í samræmi við lokaniðurstöðu álitserðarinnar. Lögmenn vitnuðu svo í þessa álitserð í málflutningi bæði hvað niðurstöðu varðar (stefndi) og mótsagnir (stefnandi).

Spurning 3.

Var ráðuneytinu ljóst að ólíkir en ekki sameiginlegir hagsmunir hjá einu aðildarfélagi Landssambands veiðifélaga var kveika álitserðarinnar en ekki hugmyndir um að nauðsynlegt væri að styrkja ákveðin ákvæði lax- og silungsveiðilaganna? Að um væri að ræða gamalt gagn og umdeilanlegt, sem Hæstiréttur hafði þegar dæmt á móti? Ef svo, hefði ekki verið eðlilegt að slíkt kæmi fram í athugasemdum frumvarpsins?

3. kafli.

Í öðrum kafla athugasemda segir einnig:

„Þá sé og augljóst að aðild að veiðifélögum tengist einungis rétt höfum á viðkomandi svæði og því sé um að ræða félag sem tekur mið af sameiginlegum hagsmunum þeirra.“

Við, ábúendur á Fossatúni erum einu aðilar Veiðifélags Grímsár og Tunguár sem höfum afkomu okkar af ferðapjónustu en ekki hefðbundnum landbúnaði. Okkar upplifun af því að þurfa að standa í ósanngjörnum samkeppnisrekstri að undirlagi hinna aðildarfélagana samræmist ekki okkar hagsmunum og hefur valdið okkur skaða. Við erum sammála félagskyldu á grundvelli markmiðs laganna sem er „*Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.*“ En ósammála útvíkkaðri skilgreiningunni sem kemur fram í umsögn Landssambands veiðifélaga til atvinnuveganefndar: *“Veiðifélög eru atvinnurekstrarfélög í eðli sínu og hafa því beint fjárhagslegt gildi fyrir félagsmenn sína.”* Við vildum gjarna að veiðifélagið hefði beint fjárhagslegt gildi fyrir okkur, en þegar veiðifélagið er orðið að „atvinnurekstrarfélagi“ sem stundar fasteignauðgileigu til þess sem

við teljum óeðlilegrar samkeppnisstarfssemi við okkar rekstur og annara þá er orðinn til hagsmunaárekstur. Ekki er hægt að skilja lagabreytingin á annan hátt en að sameiginlegir hagsmunir innan veiðifélgsins, skuli vera aðildarfélögum meira virði en eigin rekstrar- og eignarréttarhagsmunir.

Spurning 4.

Er það ekki augjóst að markmið lagabreytingarinnar er að leita leiða til þess að meirihlutinn geti kúgað minnihlutann í atvinnurekstrarfélagi (!) á forsendum skylduaðildar?

(sem reyndar er það sem órökstudd umsögn lögmannafélagsins snýst um ef grant er skoðað)

Spurning 5.

Eru ekki nokkur líkindi fyrir því að lagabreytingarnar sem miða að því að útvíkka heimildir veiðifélaga, sem „atvinnurekstrarfélags,“ séu ekki fullnægjandi til að sýna fram á að almennur rekstur gisti- og veitingastarfssemi í veiðihúsi utan veiðitíma sé nauðsynlegur til að veiðifélagið geti sinnt lögmætu hlutverki vegna „almannahagsmuna og réttinda annara“?

4. Kafli

Í öðrum kafla athugasemda frumvarpsins segir einnig að dómur Hæstaréttar Íslands, dags. 13. mars 2014 í máli nr. 676/2013, sé tilefni fyrir nauðsyn lagasetningarinnar. Með málalokum þessa máls lauk fjögurra ára þrautargöngu okkar ábúenda í Fossatúni við að útkljá ágreining við veiðifélagið okkar. Fyrst var okkur vísað til Fiskistofu, sem er úrskurðaraðili vegna ágreiniings í veiðifélögum. Niðurstaðan þar var okkur í óhag en á þann veg að meira að segja formaður veiðifélagsins hafði efa hvað rökstuðninginn varðaði. Í framhaldinu kynnti hann mér eftir að hafa rætt málið við forsvarsmenn Landssambands veiðifélaga, hafi niðurstaðan orðið sú að biðja Lagastofnun Háskólans um álitserð og bað okkur um að biða með aðgerðir þar til hún lægi fyrir. Ég hef hér á undan fjallað um álitserðina og þá óskýru niðurstöðu sem ég taldi að hún skilaði. Þess vegna var farið með málið fyrir Héraðsdóm. Þar töpuðum við en áfrýjuðum til Hæstaréttar sem skilaði niðurstöðu okkur í vil.

Það gefur auga leið að þessi langa og kostnaðarsama vegferð skilaði verulegri þekkingu á lögum um lax- og silungsveiði, til lögmanns okkar Sigríðar Rutar Júlíusdóttur svo og mín sem fylgdi málinu hvert skref. Lögin um lax- og silungsveiði eiga að sameina hagsmuni aðila en ollu í reynd hagsmunaárkeksri.

Spurning 6

Hæstaréttardómurinn í máli okkar gegn veiðifélaginu var tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar. Hvers vegna var þá fulltrúi okkar, stefnanda í málinu, ekki kallaður til álitsgjafar eða samvinnu við gerð frumvarpsins?

5. Kafli

Í öðrum kafla frumvarpsins segir einnig:

„Eins og ráða má af framangreindri álitsgerð og dómnum skortir lagareglur um meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga sem brýnt er að bæta úr.“

Og til viðbótar segir í fimmta kafla:

“Frumvarpið þótti ekki gefa tilefni til að skoðað yrði sérstaklega samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.“

Látið er að því liggja að frumvarpið sé minniháttar breyting til styrktar öllum aðildarfélögum veiðifélaga og skarist ekki á við stjórnarskrá Íslands. Eru þessar forsendur við lagasetninguna ekki augljóslega vafasamar eins og glöggk kemur fram hjá umsagaraðilum lagasetningarinnar. En í umsögn Lögmannafélagsins segir:

„Má því ætla að frumvarpið dragi úr líkum þess að skylduaðildin verði talin andstæð 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, standi yfirleitt líkur til þess.“

“Ennfremur að óhagræði staks félaga að veiðifélagi, sem vill standa í vegi fyrir fjárhagslegri nýtingu eigna félagsins, sé léttara á vogarskálum 2. mgr. 74. gr. en óhagræði hinna sem eru sviptir arði af eign sinni fyrir mótmæli eins skyldufélaga síns.”

Í umsögn ASÍ er bent á heppilegra orðalag sem samræmdist betur ákvæðum stjórnarskrárinna um undanþágu frá félagafrelsi:

“Með þeim hætti fæst ekki misskilist að ekki sé verið að opna fyrir heimildir til hvaða ráðstöfunar sem er og sem arðsöm kann að vera enda um sérstakt skylduaðildarfélag að ræða sem vegna þeirrar stöðu sinnar getur ekki og á ekki að takast á við önnur verkefni en þau sem skylduaðildina réttlæta.”

Í umsögn Veiðifélags Árnesinga er kveðið afdráttarlaust á um þetta:

„Ekki má leika vafi á því að lagaákvæði sem felur í sér breytingar á tilgangi sérlaga um lax- og silungsveiði og hlutverki veiðifélaga uppfylli þau skilyrði sem undantekning stjórnarskrárinnar frá félagafrelsi byggir á.“

Í 1. kafla bréfs undirritaðs til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar er fjallað um að lögin kunni að rekast á stjórnarskrarákvæði og ég vísa til þess sem þar stendur.

Spurning 7.

Er ekki augljóst að fullt tilefni var áður en frumvarpsdrögin voru fullkláruð að sérstaklega hefði þurft að skoða samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar?

Spurning 8.

Í frumvarpinu er tekið fram að lagareglur hafi skort og því sé dómur Hæstaréttar með þeim hætti sem er. Þetta mat ráðuneytisins er svo gegnumgangandi hjá atvinnuveganefnd og framsögu þegar lögin eru samþykkt á Alþingi. En hvar eru rökin fyrir þessari fullyrðingu?

6. Kafli

Gengið er út frá því að frumvarpið hafi engin áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Fjallað er um þennan þátt í 4. kafla bréfsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og vísa ég til þess sem þar stendur.

Spurning 9.

Var ráðuneytinu ekki kunnugt um að Veiðifélag Grímsár og Tunguár hafði tekið upp sérstakt rekstarfyrirkomulag vegna reksturs veiðihússins og svokallaða frjálsa skráningu til uppgjors virðisaukaskatts?

Spurning 10.

Átti sér stað mat á því hvaða áhrif það kynni að hafa á tekjur ríkissjóðs tækju öll helstu veiðifélög landsins upp samskonar fyrirkomulag? Ef ekki, á hverju er sú fullyrðing byggð að áhrifin séu engin?

Með þessu bréfi hefur undirritaður sett fram ákveðin efnisleg rök fyrir því að vinna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í samvinnu við Landssamband veiðifélaga hafi verið annmörkum háð. Allavegana lítur þessi lagasetning allt öðruvísi út héðan úr Fossatúni í Borgarfirði heldur en er virðist í 101 Reykjavík. Ég hef reynt að vera málefnalegur í umfjöllun um þessi mál, en það er okkur ábúendum mikilsvert að búa við sanngirni og eðlilegar aðstæður í atvinnustarfssemi okkar. Við teljum að þessi lagabreyting í kjölfar Hæstarréttardómsins taki einungis tillit til þess aðila sem varð undir í því máli og lagabreytingin leitist við gefa honum tækifæri á að hefja aftur starfssemi sem Hæstiréttur dæmði ólöglega. Fyrir því þurfa að liggja sterk rök, en þau sjást hvorki í því vinnuferli sem málið virðist hafa sætt hjá ráðuneytinu, í atvinnuveganefnd alþingis né hjá Alþingi sjálfu, að okkar mati. Heldur virðist eintóna leiðbeiningu Landssambands veiðifélaga hafa verið fylgt í einu og öllu og ekkert tillit tekið til augljósra ágalla eða marktækra athugasemda í umsagnarferlinu.

Ég óska eftir því að haft verði samband við mig eftir að bréfið er mótttekið í ráðuneytinu og upplýsingar veittar um hvenær búast megi við svari við þeim athugasemdum sem settar eru fram efnislega bæði í bréfi þessu og bréfinu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar en sérstaklega þó að skýrlega sé svarað þeim spurningum sem hér eru settar fram.

Steinar Berg Ísleifsson